

## FORSETAÚRSKURÐUR um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskráinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

*Forsætisráðuneyti.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

**Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

3. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.*

**Sigurður Ingi Jóhannesson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2., 4., 5., og 8. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *iðnaðar- og viðskiptaráðherra*.

4. gr.

*Innanríkisráðuneyti.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innanríkisráðherra*.

5. gr.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

**Illugi Gunnarsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra*.

Nr. 72

24. maí 2013

6. gr.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

7. gr.

*Utanríkisráðuneyti.*

**Gunnar Bragi Sveinsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

8. gr.

*Velferðarráðuneyti.*

**Kristján Þór Júlíusson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 1. tölul., c.-f. liðum 3. tölul., 4.-6. tölul. og 10. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

**Eygló Harðardóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 2. tölul., a., b., g. og h. liðum 3. tölul. og 7.-9. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og húsnæðismálaráðherra*.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

*Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 24. maí 2013